

Sp.

133. Tillaga til þingsályktunar

[116. mál]

um endurskoðun meiðyrðalöggjafar.

Flm.: Svava Jakobsdóttir, Páll Pétursson, Gunnlaugur Stefánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að endurskoða löggjöf um ærumeiðingar.

G r e i n a r g e r ð .

Lög þau, sem hér umi ræðir, eru nr. 19/1940 — almenn hegningarlög, XII. kafli gr. 108 og XXV. kafli gr. 234-237 og 241. Er þar m. a. kveðið svo á, að sektum varði bregði maður manni brigsllum án tilefnis, þótt hann segi satt, og varðandi opinbera starfsmenn, að aðdróttun, þótt sönn sé, varði sektum sé hún borin fram á ótilhlýðilegan hátt.

Af framanskráðum tilvitnunum má ljóst vera, að gildandi lög um ærumeiðingar þrengja mjög prentfrelsi og málfrelsi manna, enda var á það bent hér á Alþingi, þegar frumvarp að þessum lögum var hér til umræðu.

Auk þess sem lögín hanna fólki þannig að segja sannleikann, er það greinilegt, að það hlýtur oft að vera umdeilt túlkunaratriði, hvenær gefið sé tilefni og hvað sé ótilhlýðilegt, enda hafa lögín um ærumeiðingar þótt orka tvímælis allt frá því þau voru sett. Svokölluð VL-málaferli síðustu ára hafa þó í enn ríkari mæli en áður beint athygli manna að ágöllum þessara laga og leitt í ljós mögulega misnotkun þeirra í stjórnmalabaráttu og jafnvel beinlinis í auðgunarskyni. Umdeild túlkun þessara laga hefur einnig kristalast í nefndum málaferlum, því að hún hefur gjarnan orðið á annan veg í Hæstarétti en í héraði.

Er því sýnt að endurskoðun löggjafar um ærumeiðingar er tímabær.

Tillaga, nær samhljóða þessari, var flutt á síðasta þingi, og var Vilborg Harðardóttir fyrsti flm.